

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í síðara reglubundna eftirlit ársins hjá Orkugerðinni. Engin ný frávik komu fram frá starfsleyfi. Ein ábending er gerð er varðar geymslu á fitu.

UMFANG EFTIRLITS

Staða frávik:

- Frávik frá grein 2.4 í starfsleyfi. Við aðkeyrslur að húsum skal vera bundið malarlag með niðurföllum, engin niðurföll eru nú til staðar. Rekstraraðili hefur óskað eftir því að þessi krafa verði fell úr gildi í nýju starfsleyfi. Umsókn um nýtt starfsleyfi hefur borist.
- Frávik frá grein 4.1 í starfsleyfi. Bæta má skráningar í dagbók og halda til haga öllum upplýsingum skv. grein 4.1. Skrá skal atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði líkt og varð fyrir á árinu þegar lyktarmengun var til staðar. Þetta er í farvegi og undirbúningur fyrir skráningu hafinn.
- Frávik frá reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017. Ganga skal frá geymum og lögnum þannig að þær standist kröfur reglugerðarinnar. Þrýstiprófanir og þykktarmælingar hafa ekki verið framkvæmdar á stórum tank. Árekstrarvörn vantar þá á minni neyslugeymi. Rekstraraðili hefur óskað eftir framlengdum fresti til 1. ágúst 2019 þar sem fita fór í olíutankinn og þarf því að losa hann áður en þykktarmæling fer fram.

Rætt var um skorsteinaúrblástur og hreinsistöð fyrir fráveituvatn verksmiðjunnar. Þar sem vinnsla á nýju starfsleyfi er hafin verður skerpt á ákvæðum er það varðar til að aðlaga það betur að aðstæðum í verksmiðjunni. Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna og var minni lykt að gæta innan hennar en í fyrri eftirlitum. Fita sem ætluð er til sölu er geymt í tanki og í körum við hlið verksmiðjunnar en ekki hefur verið fundinn farvegur fyrir hana.

ÁBENDINGAR

Gæta þarf að því að finna farveg fyrir fitu til að koma í veg fyrir uppsöfnun á svæðinu. Stofnunin óskar eftir upplýsingum hvað það varðar fyrir 31. janúar nk.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2019

Einar Halldórsson